

Skipulagsstofnun  
Valur Klemensson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
21. mars 2014 10.5.1	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. mars 2014  
Tilvísun: UST20140300144/bs

### Ný náma við Þeistareykjaveg - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Mögulegt nýtt efnistökusvæði, RHN-1c kom í ljós við lagningu Þeistareykjavegar. Tekin var skering við stöð 6.450. Gerðar voru rannsóknir á efninu sem reyndist betra en efni sem fyrirhugað var að nota úr námu RHN-10/11, en það efni hefur ekki staðið undir væntingum.


Ráðgert er að taka allt að 34.000 m<sup>3</sup> af efni úr námunni.


Fyrirhugað efnistökusvæði er í ógrónu holti sem þegar hefur verið raskað við lagningu Þeistareykjavegar.

Efnistökusvæðið hefur ekki enn verið afmarkað nákvæmlega. Hins vegar liggur fyrir all ítarleg áætlun um hvernig náman verði unnin og frágangi háttað. Um þessi atriði segir í tilkynningarskýrslu: „Leitast verður við að útmörk námunnar falli sem best að landinu í kring. Lögð verður áhersla á vandadan frágang [ ... ] Við frágang verður land mótað í samræmi við landslag og halla umhverfis og námubrúnir afrúnnaðar og gerðar sem minnst áberandi. Frágangi verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg.“

Umhverfisstofnun telur að ef staðið verði að efnistöku og frágangi námunnar á ofangreindan hátt sé ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur